

Forsætisnefnd

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leiðréttingu á kostnaði vegna veitinga á fundum borgarstjórnar - umsögn.

Þann 5. desember sl. barst skrifstofu borgarstjórnar svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem var embættisafgreidd til forsætisnefndar:

Skv. upplýsingum Reykjavíkurborgar var meðalkostnaður við mat 360.223 á fund en síðan var það leiðrétt með fréttatilkynningu og fullyrt að meðalkostnaður við mat á borgarstjórnarfundum kostaði 208.000 á fund. Jafnframt var tilkynnt að matarskammturinn væri 3.900. Miðað við þessar tölur virðast 53,3 manns í stað eins fjörutlu eins og fullyrt var í athugasemd aðstoðarmanns borgarstjóra á RÚV, vera á bak við þessa tölu. Virðist sem ósamræmi sé því enn þá í tölum borgarinnar. Nauðsynlegt er að einföldustu stærðir eins og verð á kvöldmat liggi fyrir hjá borginni. Borgarfulltrúar, fjölmiðlar og almenningur gera þá kröfu að þegar spurt er um kostnað að þá sé svarað með réttum hætti. Óskað er eftir skýringum á þessu misræmi.

Á fundi forsætisnefndar 13. desember verður lögð fram leiðrétt umsögn frá fjármála- og áhættustýringarsviði varðandi kostnað vegna borgarstjórnarfunda þ.m.t. veitingakostnað.

Að öðru leyti má þó upplýsa um eftirfarandi; Við upphaf borgarstjórnarfunda kl. 14.00 er að jafnaði boðið upp á kaffi, te og vatn ásamt kexi og/eða fersku grænmeti og ávexti. Ef svo virðist sem dagskrá borgarstjórnar muni standa fram yfir matartíma er gert ráð fyrir hléi á fundi og pantaður kvöldverður af Múlakaffi sem sinnir veitingaþjónustu í Ráðhúsi. Stundum er tekin ákvörðun um að bera fram veitingar sem kalla ekki á eins langt fundarhlé s.s. samlokur eða pizzur. Eftir kvöldverð er að jafnaði boðið upp á gos og sælgæti.

Áætlaður meðalkostnaður fyrir kvöldverð borgarstjórnar er eins og fram hefur komið kr. 3900. Sá kostnaður getur bæði verið hægri og lægri eftir því hvaða mat veitingaþjónustan býður upp á í hvert skipti en almennt er pantaður matur fyrir 40 manns. Eins og fram hefur komið að ofan er að auki greitt fyrir aðrar veitingar á fundinum s.s. kaffi, kex, gos og sælgæti.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar